

1871.

1. Lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

1871.

(á Íslenzku og Dönsku).

2. janúar.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsréttindum.

2. grein.

Á meðan að Ísland ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu, tekur það engan þátt í löggjöfnni um hin almennu málefni ríkisins, en aptur á mót verður þess ekki krafizt, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins, á meðan að svo á stendur.

Um það, hvort Ísland eigi að hafa fulltrúa á ríkisþinginu, verður aðeins ákveðið með lögum, sem bæði hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sèrstaklega löggjafarvald Íslands samþykkir.

3. grein.

Hin sèrstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hær að lýtur, þó verður engin breyting gjörð á stöðu hæzta réttar sem æzta dóms í íslenzkum málum án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því;
2. lögreglumálefni;
3. kirkju- og kennslumálefni;
4. lækna- og heilbrigðismálefni;

Týð. um stjórnarmál. III.

1871.

2. janúar.

5. sveita- og fátækramálefni;
6. vegir og póstgöngur á Íslandi;
7. landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnu-vegir;
8. skattamál beinlínis og óbeinlínis;
9. þjóðeygnir, opinberar stofnanir og sjóðir.

4. gr.

Öll gjöld til alþingis og landstjórnar, er snertir þau málefni, sem nefnd voru í næstu grein á undan, og þar á meðal eptirlaun þau, sem nú eru goldin eða eptirleiðis verða veitt íslenskum embættismönnum, er hafa fengið lausn frá embætti, eða ekkjum þeirra eða börnum, skulu talin sèrstakleg gjöld Íslands.

5. grein.

Til hinna sèrstaklegu gjalda Íslands skal á ári hverju goldið úr ríkissjóðnum 30,000 rd. tillag og í 10 ár 20,000 rd. auka-tillag, sem á þeim 20 árum, sem þá fara í hönd, verður fært niður um 1000 rd. á ári, þannig að það sè alveg fallið niður að 30 árum liðnum.

Auk afrakstursins af þjóðeygnum Íslands og opinberum sjóðum, og af beinlínis og óbeinlínis skattgjöldum, sem nú eru heimt saman eða eptirleiðis verða innleidd á Íslandi, skal talið með hinum sèrstaklegu tekjum Íslands það endurgjald, vextir af láni og borgun uppí lán eða því um líkt, sem hvílir á íslenskum sveitarfélögum, stofnunum, embættum eða gjaldþegnum ríkissjóðnum til handa.

Oll skuldaskipti, sem verið hafa hingað til milli ríkissjóðsins og Íslands, eru hær með alveg á enda kljád.

6. grein.

Gjöldin til hinnar æztu stjórnar hinna íslensku málefna í Kaupmannahöfn og sömuleiðis til póstferða milli Danmerkur og Íslands skulu greidd úr ríkissjóðnum.

Ef nokkurt gjald verður lagt á þessar póstferðir til hins sèrstaklega sjóðs Íslands, verður jafn mikið dregið af árs tillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. grein.

7. grein.

1871.

Þessi lög öðlast gildi 1. dag apríl. 1871. Frá þessum tíma eru þau störf á enda, sem ríkisþingið hingað til hefir haft á hendi um fyrirkomulag á hinum sérstaklegu tekjum og útgjöldum Íslands.

2. janúar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verkfæri handa lækni í Stranda og Barðastrandar sýslu.

5. janúar.

Um leið og þér, herra amtmaður, skýrið frá í bræfi 4. oktbr. f. á., að kandídat í læknisfræði, Ólafur Sigvaldason, sem er settur til að gæta héraðslæknis-starfa í Strandasýslu og suðurhluta Barðastrandarsýslu, hafi sókt um, að fá endurgoldna úr jafnaðarsjóðnum 26 rd. 8 sk., sem hann hefir varið til þess að kaupa sér fyrir hin nauðsynlegustu verkfæri til læknisstarfa sinna, hafið þér leitað samþykkis stjórnarráðsins um, að þér hafið til bráðabirgða veitt þetta, með því skilyrði, að verkfærin skyldi fylgja læknisembættinu, og að fæð yrði borgað aptur í jafnaðarsjóðinn, ef stjórnarráðið ekki samþykkti. Þér hafið einkum skírskotað til þess, að eptir því, sem nú eru lög til, þá er fæ veitt úr jafnaðarsjóðunum til að kaupa læknaverkfæri þau, sem á þarf að halda, handa hinum föstu héraðslæknum; einnig getið þér þess, að sækjandi búi við lakari kjör en þeir, og muni eiga hágt með að vera án fjárins eða bíða eptir, að honum verði það endurgoldið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum verður að fallast á það, sem gjörzt hefir í þessu máli.